1862. 22. febrúar. **11. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á kirkjujörðinni Eyríksstöðum.**

Út af bænarskrá þeirri, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 21. októberm. f. á. hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins, þóknazt 16. þ. m. allramildilegast að veita leyfi til, að eignarjörð Skeggjastaða brauðs, Eyríksstaðir í Jökuldals og Hlíðar hrepp í Norðurmúlasýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, sè seld ekkjunni Guðrúnu Gunnlaugsdóttur fyrir 3500 ríkisdala kaupverð, á þann hátt, að þriðjungur kaupverðsins að minnsta kosti sè greiddur undir eins, en tveir þriðjungar þess megi vera óborgaðir, ef fyrir þeim sè sett fyrsta veð í jörðinni, og greitt af 4 af hundraði í vöxtu á ári; en fyrir þann hluta kaupverðsins, sem þegar verður greiddur, skuli keypt ríkisskuldabrèf, er svarað sè af 4 af hundraði í vöxtu, og hljóði upp á Skeggjastaða brauð.

Þetta skal yður kunngjört, til þess þèr hagið yður eptir því, og gjörið ýtarlegri ráðstafanir í því efni.

---

22. febrúar. **12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun prentunarkostnaðar fyrir alþingistíðindi.**

Af brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 13. septemberm. f. á., er dómsmálastjórninni kunnugt orðið, að eigi hefir orðið miðlað málum í ágreiningi þeim, er reis milli yfirstjórnenda stiptsprentsmiðjunnar og forseta alþingis þess, er haldið var árið 1859, Jóns Guðmundssonar, setts málaflutningsmanns við yfirdóminn, útaf borgun eptirstöðvanna af prentunarkostnaði alþingistíðindanna það ár, er hann enn hefir færzt undan að ávísa eptirstöðvum þessum, sem eru 705 rdl. 21 sk., úr jarðabókarsjóði Íslands með öðrum alþingiskostnaði, og hefir hann haft það til síns máls, að minnka beri upphæð þessa að minnsta kosti um

200 rdl. fyrir þá sök, að samningur sá, er gjörður var um prentun þingtíðindanna, hafi verið vanhaldinn af hálfu prentsmiðjunnar; en á hinn bóginn hafa yfirstjórnendur prentsmiðjunnar ekki viljað kannast við, að slík samningsrof hafi átt sèr stað, og þess vegna eigi heldur getað fallizt á, að reikningur prentsmiðjunnar væri lækkaður. 1862. 22. febrúar.

Með því nú ágreiningurinn þannig að eins snertir það atriði, hvort færa eigi niður reikning prentsmiðjunnar um 200 rdl. fyrir þá sök, að samningurinn hafi verið vanhaldinn, en þar á móti enginn ágreiningur er um hinn hluta reikningsins, 505 rdl. 21 sk., eruð þèr beðnir að láta alþingisforsetann fá færi á að segja álit sitt um, hvort nokkuð sè því til fyrirstöðu, að fyrst um sinn sè ávísað úr jarðabókarsjóðnum þeim hluta reikningsins, sem menn eru ásáttir um, og ef eigi koma fram neinar sèrstaklegar ástæður því til tálmunar, þá að ávísa þessu fè sjálfir úr jarðabókarsjóðnum. En hvað snertir þá 200 rdl., sem þá eru eptir, skal þess getið, að það virðist auðsætt, að þó prentsmiðjan hafi fengizt við að prenta annað, þá getur það atvik út af fyrir sig ekki gjört að verkum, að færa eigi niður reikninginn, heldur aðeins þá, ef það hefir ollað ótilhlýðilegum drætti á prentun þingtíðindanna; en áður úrskurður sè lagður á þetta atriði fyrir fullt og allt, eruð þèr beðnir að senda stjórnarráðinu ýtarlega skýrslu um þann drátt, sem smátt og smátt hefir orðið á prentun þingtíðindanna; en um það, hve mikill óhagur hafi orðið af þessu, þá skal leiða athygli yðar að því, að eptir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru, um hvað fengizt hefir fyrir tíðindin frá hinum undanfarandi þingum, þau er seld hafa verið, virðist mjög svo ósennilegt, að drátturinn á prentun tíðindanna frá alþingi 1859, hafi hann annars nokkur verið svo prentsmiðjunni verði um kennt, hafi ollað 200 ríkisdala skaða á sölunni á þeim árgangi tíðindanna.